

Skipulagsnefnd Garðabæjar - 3 (19.3.2015)

Málsnúmer : 1502269
Málsaðili : Garðabær
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 19.03.2015

Inngangur :

Niðurstaða : Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ása og Grunda sem nær til lóðar Sjálandsskóla. Tillagan gerir ráð fyrir því að lóð stækki sem nemur íbúðarhúslóðinni að Ránargrund 3. Eftir stækkun verður lóðin 20.609 m² en er nú 18.644 m². Við Löngulínu gerir tillagan ráð fyrir bílaaðkomu með einstefnu og fimm skammtímabílastæðum og að auki tveimur bílastæðum fyrir hreyfihamlaða.
\$line\$Skipulagsnefnd vísar tillögunni til kynningar í samræmi við 1.mgr. 43.gr. Skipulagslaga. Þar sem að tillagan er í samræmi við meginforsendur aðalskipulags er fallið frá forkynningu.